

**Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**  
**64. fundur haldinn á Lyngási Egilsstöðum 21. ágúst 2014**

**Mættir:** Björn Ármann Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir, Jóhann Þórhallsson, Þórhallur Þorsteinsson og Skúli Björn Gunnarsson. Einar Kr. Haraldsson boðaði forföll. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

**Dagskrá:**

- 1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**
- 2. Staðan eftir kosningar**
- 3. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Krepputungu**
- 4. Verkefni framundan**
- 5. Önnur mál**

*Björn Ármann setti fund kl. 16.20.*

**1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerðir 62. og 63. fundar, sem samþykktar höfðu verið í tölvupósti, voru undirritaðar.

**2. Staðan eftir kosningar**

Ruth greindi frá því að rætt hefði verið innan nýs meirihluta í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs að formaður svæðisráðs væri fulltrúi meirihlutans. Aðrir svæðisráðsmenn gera ekki athugasemd við það að Björn Ármann og Ruth hafi stólaskipti. Ruth tekur við formennsku í svæðisráði sem fulltrúi meirihlutans og Björn Ármann tekur við varaformennsku.

*Ruth tók við stjórn fundarins.*

**3. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Krepputungu**

Agnes Brá fór yfir stöðu mála við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Krepputungu. Vinna við að ljúka drögum að áætluninni fyrir auglýsingu hefur dregist þar sem tímaplan vorsins reyndist heldur knappt. Agnes gerir ráð fyrir því að ljúka fljótlega vinnu sem að henni snýr. Stefnt að því að svæðisráð geti farið yfir næstu drög og þær athugasemdir sem hafa komið út úr samráðsferlinu á fundi 11. september. Tillaga að stjórnunar- og verndaráætlun ætti þá að geta farið í formlega auglýsingu fyrri hluta októbermánaðar.

**4. Verkefni framundan**

*Atvinnustefnan.* Björn Ármann gerði grein fyrir því að á síðustu stjórnarfundum hefði verið rætt um að atvinnustefna þjóðgarðsins væri eitt af því sem stjórn vildi leggja áherslu á að ljúka í vetur.

*Vegamál.* Vegamál og viðræður við Vegagerðina þyrfti að leiða til lykta og aðrar samgöngur innan þjóðgarðsins. Agnes Brá sagðist telja F-vegi inn í þjóðgarðinn og innan hans vera í slæmu ástandi á Austursvæði og t.a.m. hefði orðið tjón á tugum bíla í Þríhyrningsá í sumar. Þórhallur tók undir þetta og sagðist aldrei hafa séð jafn háa stöðu grunnvatns á þessu svæði. Ástand Þríhyrningarsleiðar og Möðrudalsleiðar væri verra enn nokkurri sinni fyrr. Leiðin inn um Herðubreiðarlindir hefur enda verið lokuð töluverðan hluta sumars vegna

vatnavaxta í Jökulsá á Fjöllum og því meira álag á þessari leið. Merki um utanvegaakstur væru mjög víða eftir sumarið.

Agnes Brá rakti ástandið á þeim þremur slóðum sem svæðisráð hefur oft bókað um. Sökum mikillar bleytu í sumar hefur ástand þeirra verið með versta móti. Sauðakofaslóðin hefur verið lokuð og syðsti hluti Bergkvíslarkofaslóðar. Syðsti hluti Kofaölduslóðar er einnig mjög illa farinn og full ástæða til að loka henni fyrir innan Vatnsöldu þar sem hægt er að keyra niður á veginn með Háslóni. Svæðisráð lagði áherslu á að þjóðgarðsvörður hefði samráð við hreindýra-veiðimenn til að takmarka umferð um illfærar slóðir.

*Öryggismál.* Öryggismálin eru annað sem unnið er í stöðugt og þarf væntanlega að vinna meira í í vetur. Forvarnar- og viðbragðsáætlun er til fyrir hvert svæði og hverjir stjórnar aðgerðum ásamt tilheyrandi gátlistum. En nú á síðustu dögum hefur sýnt sig að þó að flest gangi vel og virki í tengslum við eldgosavá vegna Bárðarbungu, þá þarf að slípa margt.

*Löggjöfin.* Endurskoðun á löggjöfinni um þjóðgarðinn verður á dagskrá svæðisráðs í vetur.

*Möðrudalur og merkingar.* Ruth kom inn á málefni upplýsingamiðstöðvar í Möðrudal. Til er bókun um það mál í stjórn og er nýjum formanni svæðisráðs falið að ýta á eftir að það komist inn í fjárfestingaáætlun garðsins fyrir næsta ár. Merkingar á þjóðgarðinum utan hans við vegi á Jökuldal og Fjöllum eru ófullnægjandi að mati svæðisráðs. Þjóðgarðsvörður hefur verið í samræðum við Vegagerðina vegna þessa. Vinna þarf áfram í þessum málum í vetur.

*Fréttabréf.* Svæðisráð og þjóðgarðsvörður eru sammála um að stefna á útgáfu fréttabréfs fyrir svæðið bæði vor og haust.

## 5. Önnur mál

### a) Bárðarbunga

Agnes Brá fór lauslega yfir hvernig viðbrögð við óróanum í Bárðarbungu hefðu verið. Hennar reynsla er að samstarf þjóðgarðsins með Almannavörnum hafi gengið vel. Samskiptin innan þjóðgarðsins og neyðaráætlunarskipulag hafi gengið upp að mestu. Þórhallur sagðist taka undir það en þó hefði þurft að vera samskipti fyrr við ferðafélögin sem eigendur skálanna þegar til rýmingar kom.

### b) Næsti fundur

Næsti fundur svæðisráðs verður fimmtudaginn 11. september.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.40.*

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson